ST. JÓSEFSSPÍTALI, LANDAKOTI



KVÖLDVAKTIR - BÝTIBÚR

Óskum eftir starfsmanni á kvöldvaktir í býtibúr. Vinnutími frá kl. 16.30–21.00. Unnið er í 7 daga í senn og frí í 7 daga. Upplýsingar gefur ræstingarstjóri í síma 19600–259 frá kl. 10–14 daglega.

Reykjavík 18. nóv. 1987.

Kjararannsóknanefnd

opinberra starfsmanna óskar eftir að ráða mann til starfa fyrir nefndina.

Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun eða reynslu á sviði hagfræði, viðskiptafræði, tölfræði eða talnavinnslu.

Um getur orðið að ræða ráðningu í hlutastarf eða fullt starf. Umsóknarfrestur er til 24. nóvember nk.

Umsóknum skal skilað til:

Kjararannsóknanefnd opinberra starfsmanna
b/t. fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

Tilboð

TIL SÖLU ÞÖNGLABAKKI 6, REYKJAVÍK

Kauptilboð óskast í byrjunarframkvæmdir ásamt lóðarréttindum eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Þönglabakka 6, Reykjavík. Sökklar hafa verið steyptir að um 800 fm grunni.

Kaupandi er skuldbundinn á sama hátt og fyrri lóðarhafar af öllum bygginga- og skipulagsskilmálum, sem um lóðina gilda, þar með talin þátttaka í sameiginlegum framkvæmdum með öðrum lóðarhöfum í Mjódd.

Skrifleg kauptilboð, er greini kaupverð og greiðsluskilmála, berist skrifstofu vorri, Borgartúni 7, Reykjavík, fyrir kl. 11.30 f.h. fimmtudaginn 26. nóv. nk., en þá verða kauptilboð opnuð.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
BORGARTÚNI 7, 105 REYKJAVÍK

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

NÁMSKEIÐ

VÖRUÞRÓUN MARKAÐSSÓKN

Á tímum harðnandi samkeppni er fátt mikilvægara í rekstri fyrirtækis en að koma fram með nýjar og endurbættar vörur á réttum tíma inn á markaðinn.
Rekstrardeild ITÍ gengst fyrir námskeiði í vöruþróun. Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur læri kerfisbundin vinnubrögð við vöruþróun – frá hugmynd til markaðar – til þess að koma í veg fyrir ónauðsynleg útgjöld.
EFNI: Ferli til vöruþróunar.
Mat á getu fyrirtækis til að standast samkeppni.
Hvernig fá menn hugmyndir! Fjármögnun?
STAÐUR: Holiday Inn.
TÍMI: 23. til 25. nóv. kl. 8.30–12.00 alla dagana.
Verð kr. 11.900.
Veitingar og námsefni innifalið. 25% afsláttur fyrir fleiri en einn frá sama fyrirtæki.
SKRÁNING: Sími 687000.
ATH. takmarkaður fjöldi. **ATH. Nýja bókin um vöruþróun innifalin.**
REKSTRARTÆKNIDEILD

Lífið er alls staðar

Steinunn Eyjólfsdóttir
Bókin utan vegar
Bókrún, 1986

Bókin utan vegar, eins og segir í fyrsta ljóði hennar, er ekki hugsuð handa þeim sem ganga greitt um lífsins veg, glaðbeittir og athafnasamir, heldur er hún ætluð þeim sem dauðinn hefur ýtt út af, hafna utan vegar. Sú er reynsla höfundar, Steinunnar Eyjólfsdóttur, sem hafnar samt ekki í dimmu tómi en hittir á hliðarveg ljóðsins þar sem líf og dauði ferðast saman og eiga hljóðar viðræður, sá vegur þar sem hin innri hugsýn ferðast frjáls.

Móðir missir son sinn skyndilega og situr eftir í sárum. Hún rifjar upp horfnar samverustundir, hlýju þeirra og gleði, ærsl og tiltektir barns. En þrátt fyrir eftirsjá er það fremur lífið sem situr í höfundi en dauðinn. Og sonurinn, sem heitir Dagur, tengist birtu og lífsmagni sem áfram mun lýsa.

Eins og ljós í stóru dimmu húsi
eða viti á fjarlægri strönd
lýsir sá dagur nú út í minninguna.

Ljós, eitt af mörgum
ljós
ljósaflóð
birta
dagur.

Var það þá ekki tilviljun
nafnið þitt?

En sorgin vekur að sönnu áleitnar spurningar og órósamar um líf og ekki líf.

Lífið.
Lífið.
Allt ber það í sér.
Öllu öðru er það dýrmætara.
Öll bókasöfn og vísindaskrár heimsins
eru eins og rusl af hlöðugólfi
sem sópað er út til hænsnanna
borið saman við eitt mannslíf.



Steinunn Eyjólfsdóttir.

Bókmenntir

Berglind Gunnarsdóttir

Það hefur jafnan verið hlutverk kvenna að hlúa að lífi og þeim er líklega ljósast hvað í húfi er. Þess vegna getur líf í bók virst lítilfjörlegt miðað við líf barns sem vex og deyr alltof fljótt en þó getur ein ljóðabók utan vegar verið ákveðin leið til að bera sorgina með reisn, jafnvel sættast við hana, og raunar hnígur hugsun höfundar í þá átt. Manneskjunni er ofviða að stjórna lífi og dauða en hún er þess umkomin að snúa dauða í líf með ljóðum sínum. Og það kann að vera nokkur huggun.

Ljóð Steinunnar tjá því ekki fyrst og fremst örvæntingu heldur bjartsýni og einlæga trúarvon. Í þeim leitast hún við að draga fram hið fagra og góða og barnslega í tilverunni og blasir víða við ef menn vilja stjá.

Það er einlægur og góður tónn í þessari bók en ekki hefði sakað að þétta ljóðin betur og skilja eftir meira rúm fyrir lesendur að fylla í.

Að ytra útliti er **Bókin utan vegar** falleg og einnig prýða hana teikningar eftir Guðrúnu Svövu Svavarsdóttur.

Fuglar og fiðrildi

Sýning Rúnu Gísladóttur að Kjarvalsstöðum

Einu sinni settu skynsamar konur upp snúð þegar karlmenn voguðu sér að tala um kvennalist, þó svo að með því væru þeir engan veginn að lasta listsköpun kvenna heldur einungis að velta fyrir sér tíðri notkun kvenna í listamannastétt á sérstakri tegund myndmáls og myndbyggingar.

Síðan hættu konur að líta á hugtakið „kvennalist" sem hnjóðsyrði og hófu beinlínis að leggja áherslu á „kvenlegt" myndmál sem hluta af herferð sem miðaði meðal annars að því að auka sjálfstraust listakvenna.

Ekki veit ég hvaða pól kvennafræðingar taka í hæðina í dag og vil ég þess vegna hætta á að lýsa því yfir að myndir Rúnu Gísladóttur, sem nú sýnir að Kjarvalsstöðum, eru mjög í anda þeirrar listar sem áður var nefnd – já, og uppnefnd – „kvennalist".

Í myndum hennar er nefnilega afskaplega mikið um fugla, fiðrildi, liljur vallarins og annan gróður sem er út af fyrir sig í stakasta lagi nema hvað listakonunni er ekki lagið að bæta neinu við það sem áður hefur verið sagt, ritað og málað um þessi fyrirbæri.

Þau eru sem sagt orðin að nokkurs konar klisjum þegar þau loksins eru komin á strigann hjá henni.

Líkast til er ástæðan sú að listakonan hefur mun minni áhuga á fuglum og fiðrildum sem slíkum en því sem hún getur raðað utan um þau. Frumlög mynda Rúnu, hvort sem þau eru úr jurtaríkinu, steinaríkinu eða dýraríkinu, eru beinlínis að drukkna í alls kyns myndbyggingalegum effektum: þverstrikum og skástrikum, ferningum og þríhyrningum sem ekki gefa neitt til kynna um markmið sín.



Rúna Gísladóttir ásamt einu verka sinna.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Litabruðl eykur enn á ruglinginn í myndum Rúnu sem er raðað svo þétt og óskipulega í austursal Kjarvalsstaða að áhorfandinn kemur nánast sjóntruflaður út af sýningu hennar.

Listakonan hefur til að bera hæfileika til listskreytinga, um það votta smámyndir hennar en í stærri myndum sínum þarf hún að taka sér tak, hreinsa burt allt illgresi og gera upp við sig hvað hún ætlar að segja.

-ai